

Nefndasvið Alþingis
b.t. félagsmálanefndar
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1353
komudagur 27.2.2003

Reykjavík, 26. 02.2003

Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa hefur mótttekið til umsagnar frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, þingskjal 883 – 538.mál

Umsagnaraðilar fagna því að lög skuli sett um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og starfsemi hennar þar með fest í sessi. Hins vegar vilja þeir benda á að ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi aukinn kostnað í för með sér verði það óbreytt að lögum. Það er ljóst að nú er langur biðlisti inn á Greiningar- og ráðgjafarstöðina. Því þykir rétt að benda á að nauðsynlegt er að tryggja nægilegt fjármagn til Greiningarstöðvarinnar til að stöðin geti mætt aukinni eftirspurn og stýtt biðlista eftir þjónustu.

Umsagnaraðilar fagna því að í lögunum er tiltekinn aldur þeirra sem stöðin þjónar og leggur til að þetta aldursviðmið komi fram í 1.gr. laganna.

Umsagnaraðilar fagna einnig ítarlegum kafla II í lögunum um skilgreiningar.

Í 4. grein 2. tl. þar sem nefnd er viðeigandi ráðgjöf og fræðsla þykir umsagnaraðilum rétt að bæta inn eftirfylgd og stuðningur.

Í 4. gr. 5. tl. er upptalning á faglegri aðstoð og ráðgjöf til samstarfsaðila. Hér mætti bæta við f. lið um frumkvæði að þverfaglegri vinnu.

Í 6. gr. vilja umsagnaraðilar gera athugasemdir við heimild til gjaldtöku vegna faglegar aðstoðar og ráðgjafar til samstarfsaðila. Leggjum til að gjaldtaka verði einungis heimil í þeim tilvikum þar sem aðstoðin og ráðgjöfin er sannanlega viðameiri en gert er ráð fyrir í 4.gr. 5.tl.

Í 8. grein er gert ráð fyrir að ef starfsmenn stofnunarinnar verði þess áskynja að einstaklingur njóti ekki viðunandi þjónustu beri þeim að gera forstöðumanni viðvart. Umsagnaraðilum þykir ástæða til að setja þarna inn setningu þess efnis að áður hafi starfsmenn leitað leiða hjá þjónustuaðilum til að þjónusta verði bætt við hinn fatlaða. Í sömu grein er einnig gert ráð fyrir að starfsmenn Greiningarstöðvar geti í samráði við hinn fatlaða eða forráðamann hans, beint skriflegu erindi um málið til viðkomandi svæðisráðs málefna fatlaðra. Afrit sé sent til trúnaðarmanns fatlaðra á viðkomandi stað. Umsagnaraðilar benda á að mikilvægt er að viðkvæm trúnaðarmál og upplýsingar fari á sem fæsta staði og aðeins til þeirra sem hafa forsendur til fullnægjandi geymslu á trúnaðargögnum.

Virðingarfyllst,
f.h. Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa



Maggý Magnúsdóttir, félagsráðgjafi



Margrét Magnúsdóttir, félagsráðgjafi



Helga Þorleifsdóttir, félagsráðgjafi